



Aðalfundur SSSK þann 28. apríl næst komandi

Aðalfundur Samtaka sjálfstæðra skóla verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl n.k. frá kl. 16:00 – 18:00. Fundurinn verður haldinn í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 6. hæð. Að venju gerum við okkur dálítinn dagamun í kjölfar hefðbundinna aðalfundastarfa. Vænst er góðrar þátttöku rekstraraðila, skólastjóra og fleiri góðra gesta. Eins og alltaf eru mörg mikilvæg mál í farvatninu hjá okkur. Framundan eru tímar þar sem við þurfum að nýta samtakamáttinn, hugmyndaflugið og skerpa framtíðarsýnina. Við hvetjum alla til að taka daginn frá en nánari upplýsingar um dagskrá fundarins verða sendar þegar nær dregur.



„Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“ – vel heppnuð ráðstefna í Salnum í Kópavogi



Fjórdá ráðstefna SSSK tókst afar vel. Þátttakan var góð því um 220 mættu í Salinn. Ávarp Kristínar Steinsdóttur var góður upphafspunktur, eins og hennar var von og vísa. Jóhann Ingi var með skemmtilega nálgun á viðfangsefni sínu, „Hvernig berum við ábyrgð á eigin hugarfari“. Ísaksskólakórinn var einfaldlega dásamlegur undir stjórn Ásu Valgerðar og þylusveitarkapparnir mættu með hetjulund og sýndu svo ekki verður um villst hversu góð samvinna er dýrmæt. Margrét okkar Pála „setti“ ráðstefnuna með óvæntum og óvenjulegum hætti og Hundur í óskilum; þeir Hjörleifur og Eiríkur, luku síðan ráðstefnunni með óborganlegum tónlistarflutningi. Það er ekki á hverjum degi sem hægt er að hlusta á jólalag flutt með hækjum – í mars! Söngtextarnir þeirra voru bráðskondnir þannig að gleðin var svo sannarlega við völd. Það má því með sanni segja að það hafi verið jákvæð stemmning á ráðstefnunni okkar. Það var einmitt í takt við yfirskriftina: Allt hefur áhrif, einkum við sjálf – blæbrigðin við það stef voru mörg.

Árshátíðin; góður endir á góðum ráðstefnudegi

...Gleðin hélt síðan áfram í Salahverfinu í Kópavoginum um kvöldið. Þátttakan var sú mesta sem verið hefur og komust færri að en vildu. Það er því ljóst að panta þarf stærri sal fyrir næstu árshátíð. Veislustjóri var Þórunn Arna Kristjánsdóttir, leikkona og Ellen Kristjánsdóttir, dætur hennar og Eyþór eiginmaður hennar sáu um tónlistarflutning við góðar undirtektir. Síðan leystist mikil söngstemmning úr læðingi. Fulltrúar margra skóla „tróðu upp“ og létu ljós sitt skína og dansinn dunaði síðan fram eftir kvöldi fram á nótt.



ECNAIS ráðstefna í Madrid

Vorráðstefna ECNAIS (The European Council of National Association of Independent Schools) verður haldin í Madrid, Spáni 12.- 14. maí n.k. Yfirskrift ráðstefnunar er: **Diversity in Education: Struggle for life or creating the future.** Aðilar að SSSK, þ.m.t. formaður stjórnar SSSK, sóttu ráðstefnu ECNAIS vorið 2009 og var mikil ánægja með þá ráðstefnu. Fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér nánar fyrirkomulag og dagskrá ráðstefnunnar þá er slóð ECNAIS <http://www.ecnais.org>